

Rekstrarstjórn Nausts

Fundargerð 9. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts haldinn þriðjudaginn 16. febrúar 2021, kl. 13 að Fjarðarvegi 3.

Mætt: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Jónas Egilsson sveitarstjóri og formaður rekstrarstjórnar, Karítas Ósk Vignisdóttir, Herdís Eik Gunnarsdóttir rekstrarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Niðurstaða rekstrar 2020

Yfirlit með drögum að rekstraryfirliti fyrir árið 2020 lagt fram. Í yfirlitinu er einnig samanburður við áætlun ársins. Skv. því voru rekstrartekjur um 8,8 m.kr. og 6% hærri en áætlun gerði ráð fyrir en gjöld um 22,6 m.kr. eða 12% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Neikvæð afkoma var um 25,8 m.kr. sem var um 13,8 m.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir.

Bókun um afgreiðslu: Rekstrarstjórn mælir með því að sveitarstjóra verið falið að kynna rekstrarstöðuna fyrir Sjúkratryggingum Íslands og með það fyrir augum að tryggja að framlög þeirra dugi fyrir rekstri hjúkrunarheimilisins. Ekki er eðlilegt að stór hluti hjúkrunar- og dvalarheimilisins sé borinn með skattgreiðslum íbúa, þar sem hér sé um verkefni sem ríkið ber ábyrgð á.

Samþykkt samhljóða.

2. Staða innritunar og horfur 2021

Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri fóru yfir stöðu og horfur á þessu ári.

Lögð fram greinargerð um stöðu mála; 1. Niðurstaða rekstrar 2. Staða innritunar 3. Afleysingar og önnur starfsmannamál 4. Önnur mál sem varða reksturinn, viðhald og viðgerðir.

3. Afleysingar og önnur starfsmannamál

Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri fóru yfir stöðu og horfur. Hjúkrunarforstjóri lagði til að ráðið verði í afleysingar vegna vetrarleyfis hennar og að leiga vegna húsnæðis yrði greidd af Nausti. Sama fyrirkomulag myndi gilda vegna sumarleyfis hjúkrunarforstjóra.

Bókun um afgreiðslu: Rekstrarstjórn mælir með að ráðið verði í afleysingar.

4. Önnur mál

Hjúkrunarforstjóri vakti máls á að leggja þurfi í viðhald á salernum. Hjúkrunarforstjóra falið að afla upplýsinga og fá kostnaðarmat á hugsanlegum viðgerðum og endurbótum.

5.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50